

Nd. 12. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt að skerða eða taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., svo og að skerða þær, gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd skerðingar eigna vegna loftferða getur atvinnu-
málaráðuneytið sett með reglugerð.

Bætur fyrir eignarnámi á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóvember 1917 um framkvæmd eignarnáms og skerðing eigna samkvæmt þessari grein.

2. gr.

38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta :

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

G j ö r i r k u n n u g t : Atvinnuáráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að skipulags-
nefnd kaupúna og sjávarþorpa og Flugmálafélag Íslands hafi undanfarin ár i
samráði við bæjaryfirvöld Reykjavíkur haft til athugunar flugvallarstæði i ná-
grenni Reykjavíkur. Á síðastliðnum vetri varð samkomulag milli þessara aðila

um að flugvöllur væri lang bezt settur á svæðinu milli Skerjafjarðar og Vatns-
mýrar, og á skipulagsuppdrætti Reykjavíkur var flugvöllur ákveðinn á þessum
stað. Jafnframt skoruðu tóðir aðilar á ríkisstjórnina að ná eignarhaldi á því
landi á flugvallarsvæðinu, er væri eign einstakra manna.

Þar sem ekki er til skýr heimild handa ríkisstjórninni til eignarnáms á landi
til flugvallargerðar telur atvinnuáráðherra, að brýna nauðsyn beri til að afla
slikrar heimildar með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt þessu fellst ráðuneytið á að setja bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að skerða eða taka eignarnámi vegna loftferða lóðir
lóðarréttindi og mannvirki.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og
þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., svo
og að skerða þær, gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd skerðingar eigna vegna loftferða getur atvinnu-
málaráðuneytið sett með reglugerð.

Bætur fyrir eignarnámi á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykja-
vík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur
nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóvember 1917 um framkvæmd
eignarnáms og skerðing eigna samkvæmt þessari grein.

2. gr.

38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 16. nóv. 1940.

Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller. Ólafur Thors.

Ólafur Thors.